



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 27. janúar 2017

Niðurstaða athugunar á mati á hæfi og tilhlýðileika fjármálaþjónustu Arctica Finance hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á mati Arctica Finance hf. á hæfi viðskiptavina sinna vegna eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar og tilhlýðileika fjármálaþjónustunnar þann 6. maí 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag og eftirlit verðbréfafyrirtækisins í tengslum við öflun upplýsinga um viðskiptavinina sína og ráðleggingar til þeirra vegna eignastýringar og veittrar fjárfestingarráðgjafar væri í samræmi við 15. og 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.), sbr. 35. og 36. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskipti fjármálafyrirtækja.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í janúar 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin hófst.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að verklag Arctica Finance hf. vegna mats á hæfi viðskiptavina hefði ekki að fullu verið skjalfest, sbr. 6. gr. vvl. og 4. gr. reglugerðar nr. 995/2007.

Tekið var úrtak 8 viðskiptavina Arctica Finance hf. sem teljast vera almennir fjárfestar. Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir:

- að Arctica Finance hf. hefði í gegnum safnskráningu fjárfest í fagfjárfestasjóðum fyrir hönd sex viðskiptavina í eignastýringu en almennum fjárfestum er ekki heimilt að fjárfesta í fagfjárfestasjóðum, sbr. IV. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
- að í fjárfestingarstefnum þeirra viðskiptavina í úrtakinu sem voru í eignastýringu væri kveðið á um að heimilt væri að fjárfesta í fagfjárfestasjóðum.
- að í tilviki fjögurra viðskiptavina í eignastýringu hefðu fjárfestingar ekki verið innan vikmarka undirritaðrar fjárfestingastefnu.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Arctica Finance hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdana.